

# Starfsemisupplýsingar LSH

Janúar - júní 2008

Í brennidepli:

Atvikaskráning



**Fagmennska – Jafnræði – Virðing – Öryggi – Þekking**  
eru gildi Landspítala

Þjónusta við sjúklinga, menntun og þjálfun heilbrigðisstétta og rannsóknir á sviði heilbrigðisvísinda eru meginhlutverk háskólasjúkrahúsins.

Klínísk starfsemi spítalans  
skiptist í svið sem veita fjölbreytta þjónustu á göngudeildum, dagdeildum,  
legudeildum, rannsóknardeildum og öðrum starfseiningum.

Önnur starfsemi  
sem einnig skiptist í svið og deildir á skrifstofum felst meðal annars í kennslu, vísindastarfi,  
fjármálastjórnun, rekstri, starfsmannamálum og byggingar- og tæknimálum.

**Framkvæmdastjórn**

Anna Stefánsdóttir settur forstjóri  
og framkvæmdastjóri hjúkrunar

Björn Zøega settur forstjóri  
og settur framkvæmdastjóri lækninga

Anna Lilja Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga  
Björn Jónsson settur framkvæmdastjóri tækni og eigna  
Kristján Erlendsson framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar

Landspítali er með efnismikinn upplýsingavef á Netinu ([www.landspitali.is](http://www.landspitali.is))

Landspítali sími: 5431000

Upplýsingafulltrúi LSH sími: 5431122

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI, SKRIFSTOFA FJÁRREIÐNA OG UPPLÝSINGA

Ritstjóri: Elísabet Guðmundsdóttir, netfang: [elisabeg@landspitali.is](mailto:elisabeg@landspitali.is)

Ábyrgðarmaður: María Heimisdóttir, netfang: [mariahei@landspitali.is](mailto:mariahei@landspitali.is)

## Efnisyfirlit

Sjónarhorn .....	2
Lykiltölur, <i>Starfsemi</i> .....	4
Lykiltölur, <i>Rekstur</i> .....	5
Í Brennidepli, <i>Atvikaskráning</i> .....	6
Starfsemistölur .....	8
Rekstrarupplýsingar, <i>Lyfjakostnaður</i> .....	25
Rekstrarupplýsingar, <i>Rekstrargjöld sviða</i> .....	26
Launaupplýsingar .....	27
Biðlistaupplýsingar .....	28
Helstu kennitölur sviða .....	32
Fimm ára tölfræðilegt yfirlit / Five years key statistics/Statistisk oversigt.....	34
Framlag ríkis til LSH 1999-2008 .....	35

Viðauki: Árs hlutareikningur janúar til júní 2008

## Sjónarhorn: Hálfársuppgjör Landspítala 2008

Í þessu hefti Starfsemisupplýsinga er birtur árshlutareikningur fyrir janúar til júní ásamt starfsemisupplýsingum tímabilsins. Reikningsskilin byggja á bókhaldsniðurstöðum tímabilsins, birgðatalningu á lagerum spítalans o.fl. Til viðbótar hefðbundnum rekstrarreikningi er birtur efnahagsreikningur í lok júní, ásamt yfirliti um sjóðstreymi. Ríkisendurskoðun hefur sem fyrr farið yfir reikningsskilin.

### Vaxandi eftirspurn

Um langan tíma hefur verið sívaxandi spurn eftir þjónustu spítalans sem er í takt við fjölgun landsmanna, eldri borgara og aukna tíðni alvarlegra sjúkdóma og slysa. Spítalinn hefur svarað þessari kröfu um aukna þjónustu með aukinni starfsemi en hafa ber sérstaklega í huga að mikill hluti starfseminnar er ófyrirsjáanleg bráðaþjónusta sem stofnuninni ber alltaf skylda til að sinna, óháð umfangi hennar.

Einstaklingum sem leitað hafa til LSH á árinu hefur fjölgað um tæplega 2.600 frá síðasta ári, eða um 3,8%. Í samræmi við þróun í nágrannalöndum okkar, og til að mæta aukinni þörf fyrir þjónustu hefur hin síðari ár verið leitast við að færa þjónustu af legudeildum yfir í dag- og göngudeildir annars vegar og hins vegar í sífellt meira mæli inn á heimili sjúklinga. Legutími hefur styst um 5,8% og legudögum fækkað um 5,2%. Á sama tíma hefur vitjunum sjúkrahústengdrar heimaþjónustu fjölgað um 18%. Komum á slysa- og bráðamóttökur spítalans hefur fjölgað ár frá ári, þessa fyrstu sex mánuði ársins 2008 nemur fjölgunin frá sama tímabili í fyrra um 1,0%. Skurðaðgerðum fjölgar um 3,1% á milli ára og blóðrannsóknir og myndgreiningarrannsóknir hafa einnig aukist.

### Unnið á biðlistum

Í ljósi kröfu um aukna þjónustu er sérstaklega ánægjulegt hve vel hefur tekist til að vinna á biðlistum á þessu ári eins og á síðustu árum. Þar hafa margir starfsmenn lagt hönd á plóginn og eiga þakkir skildar fyrir. Í þessu hefti Starfsemisupplýsinga eru birtar upplýsingar um bið eftir þjónustu en það sem hæst ber er að mun betur hefur gengið en áður að útskrifa sjúklinga frá LSH sem lokið hafa meðferð á spítalanum. Í lok júní biðu 49 einstaklingar eftir vistunarúrræði utan spítalans samanborið við 139 í janúar í ár. Þess má geta að nú í ágústlok bíða 28 sjúklingar á LSH eftir langtímavistun utan spítalans þ.e. eru með svokallað vistunarmat í gildi.

Hjartaþræðingum hefur fjölgað á milli ára, frá því að vera 145 aðgerðir á mánuði í fyrra í það að vera 165 á mánuði á þessu ári og hefur því bið eftir hjartaþræðingu styst. Einnig hefur skurðaðgerðum á augasteini fjölgað á árinu. Nú eru gerðar 107 aðgerðir á mánuði samanborið við 88 aðgerðir í fyrra sem hefur stýtt bið eftir þeirri þjónustu.

### Mikill rekstrarbati á fyrri árshelmingi

Rekstrarkostnaður spítalans er 808 m.kr. hærri en fjárheimildir á fyrri árshelmingi. Þar af má gera ráð fyrir að lækkun á gengi íslensku krónunnar hafi leitt til um 660 m.kr. hækkunar á rekstrarkostnaði. Ef gengisforsenda fjárlaga hefði staðist, má því gera ráð fyrir að rekstur spítalans hefði verið um 150 m.kr. umfram fjárlög á þessu tímabili, eða um 0,8%. Til samanburðar má nefna að rekstur spítalans fór 5,5% fram yfir fjárheimildir á sama tímabili í fyrra að teknu tilliti til gengisáhrifa.

Rekstrargjöld LSH á fyrri helmingi ársins námu 19.382 m.kr. en tekjur 18.574 m.kr. Gjöld af reglubundinni starfsemi eru því 4,3% umfram tekjur. Launagjöld eru sem fyrr stærsti kostnaðarliðurinn eða rúm 66% og eru þau 2,4% umfram rekstraráætlun. Yfirvinna heldur áfram að aukast meira en föst laun sem sýnir leitni spítalans við að mæta aukinni kröfu um þjónustu með yfirvinnu þar sem skortur er á sérhæfðu starfsfólki til umönnunarstarfa. Vörukaup og annar rekstrarkostnaður er 7,9% umfram áætlun og S-merkt lyf 15,5%. Sértekjur eru hins vegar 11,2% hærri en gert var ráð fyrir.

Skv. efnahagsreikningi 30. júní eru skammtímakröfur LSH 1.321 m.kr. og hafa þær aukist um 198 m.kr. frá áramótum. Ber þar hátt aukna skuldasöfnun ýmissa heilbrigðisstofnana sem átt hafa erfitt með að standa í skilum við spítalann. Skammtímaskuldir LSH nema 2.837 m.kr., sem er veruleg hækkun frá áramótum. Þó ber að hafa í huga að spítalinn lækkaði þessa skuldastöðu talsvert með greiðslum til birgja í lok júlímánaðar. Neikvæður höfuðstóll um mitt ár nemur 1.244 m.kr.

Eins og fram kemur hér að framan, er meginskýringin á frávikum í rekstri frá áætlun ársins lækkun gengis íslensku krónunnar. Stór hluti innkaupa á rekstrarvörum er skv. samningum sem að öllu jöfnu eru gerðir í kjölfar útboða og er innkaupsverð vöru og þjónustu iðulega beint tengt gengisvísitölu. Sem dæmi má nefna að verð allra S-merktra lyfja er beint tengt gengi og hið sama má segja um 80% annarra lyfja. Um 70% annarrar vöru, s.s. hjúkrunar- og lækningavöru, er tengd gengi í samningum svo og nær öll tækjakaup.

Að teknu tilliti til gengisþróunar og aukinna afkasta Landspítala, má segja að rekstur hans standi að mörgu leyti vel. Brýnt er þó að leiðrétta skuldastöðu spítalans enn frekar, bæði gagnvart þeim sem skulda honum og gagnvart birgjum. Einnig þarf að halda áfram að skilgreina hlutverk Landspítala til þess að hann nýtist skjólstæðingum sínum og þjóðfélaginu enn betur.

Anna Lilja Gunnarsdóttir  
Framkvæmdastjóri

Starfsemi LSH

	2008	2007	Breyting milli ára	Hlutfallsleg breyting
<b>Klínísk þjónusta</b>				
Fjöldi einstaklinga <sup>1)</sup> sem leituðu til LSH	70.173	67.584	2.589	3,8%
Fjöldi koma á göngudeildir <sup>2)</sup>	170.676	159.084	11.592	7,3%
Fjöldi koma á dagdeildir <sup>2)</sup>	45.317	48.966	-3.649	-7,5%
Fjöldi koma á slysa- og bráðadeildir	47.354	46.883	471	1,0%
Fjöldi sjúkrahústengdra heimavítjana	7.874	6.674	1.200	18,0%
Fjöldi lega, á sérgrein	15.028	14.935	93	0,6%
Fjöldi legudaga sjúklinga	120.059	126.622	-6.563	-5,2%
Meðallengd sjúkrahúslegu	8,0	8,5	-0,5	-5,8%
Þar af á kvenna-, barna-, skurð- og lyflækningasviðum	5,1	5,5	-0,4	-6,7%
Meðalhjúkrunarþyngd (bráðleiki) sjúklinga	1,18	1,20	-0,02	-1,4%
Fjöldi fæðinga	1.633	1.489	144	9,7%
Skurðaðgerðir	7.659	7.426	233	3,1%
Myndgreiningarrannsóknir	63.236	62.589	647	1,0%
Lyfjakostnaður vegna S-merktra lyfja (fjárhæðir í þús.kr.) <sup>3)</sup>	1.357.834	1.072.018	285.816	26,7%
<b>Starfsmenn</b>				
Meðalfjöldi dagvinnustöðugilda (ársverka) <sup>4)</sup>	3.866	3.872	-6	-0,2%

<sup>1)</sup> Þetta eru einstaklingar sem margir hverjir komu oft á spítalann, en hver einstaklingur er hér einungis talinn einu sinni.

<sup>2)</sup> Eিংöngu taldar komur sjúklinga sem ekki eru innlagðir á LSH.

<sup>3)</sup> S-merkt lyf eru lyf eিংöngu til sjúkrahúsnota, kostnaður birtur hér á innkaupsverði með álagi vegna lyfseðla.

<sup>4)</sup> Stöðugildi starfsmanna án barnsburðarleyfa, foreldraorlofs og launalausra leyfa.

## Rekstur LSH - Bráðabirgðastaða

	Rekstrarstaða	Áætlun tímabils	Hlutfall umfram áætlun	Áætlun ársins
<b>Tekjur</b>				
Rekstrarframlag ríkisins	17.060,8	17.060,8		33.287,8
Sértekjur <sup>1)</sup>	1.513,1	1.361,2	11,2%	2.621,8
<b>Tekjur alls</b>	<b>18.573,9</b>	<b>18.422,0</b>		<b>35.909,6</b>
<b>Gjöld</b>				
Launagjöld	12.866,2	12.565,8	2,4%	24.700,5
Rekstrarkostnaður <sup>1)</sup>	4.650,7	4.309,5	7,9%	8.254,6
S-merkt lyf <sup>2)</sup>	1.340,4	1.160,8	15,5%	2.322,5
Fjármagnsliðir og gengismunur	62,4	40,0	56,0%	80,0
<b>Samtals</b>	<b>18.919,7</b>	<b>18.076,1</b>		<b>35.357,6</b>
Viðhald, tækjabúnaður og stofnkostnaður <sup>3)</sup>	461,8	345,9	33,5%	552,0
<b>Gjöld alls</b>	<b>19.381,5</b>	<b>18.422,0</b>		<b>35.909,6</b>
<b>Útgjöld umfram sértekjur og fjárheimildir</b>	<b>807,6</b>	0,0	<b>4,3%</b>	0,0

Fjárhæðir í millj. kr

<sup>1)</sup> Innri viðskipti á LSH eru ekki meðtalin í rekstrargjöldum og sértekjum

<sup>2)</sup> S-merkt lyf eru birt hér án álagningar

<sup>3)</sup> Sérstakt framlag til meiriháttar viðhalds og stofnkostnaðar að fjárhæð 57 millj. kr er fært undir sértekjum. Halli á þessum lið í uppgjörinu skýrist að hluta af þeirri færslu og er hann því í raun 57 millj. kr. lægri

## Brennidepill: Atvikaskráning sjúklinga

Atvikaskráning er eitt af verkfærum nútíma stjórnenda til að taka á skipulegan hátt á því sem miður fer og forgangsraða umbótum í starfsemi. Því hefur á LSH verið innleidd rafræn skráning atvika er tengjast sjúklingum, starfsmönnum og gestum.

Það telst „atvik“ tengt sjúklingi ef greining, meðferð eða umönnun sjúklings á ábyrgð stofnunar fer úrskeiðis þannig sjúklingur skaðast eða hefði getað skaðast. Einnig þau tilvik þar sem framkvæmd greiningar, meðferðar eða umönnun sjúklings er í ósamræmi við viðurkennda faglega þekkingu, skráð fyrir mæli, verklagsreglur eða vinnuleiðbeiningar í viðkomandi tilfalli. Algengt er að þeir sjúklingar sem hafa orðið fyrir „atviki“ leggi áherslu á að stofnunin sjái til þess að aðrir verði ekki fyrir sambærilegri reynslu. Slíkt er væntanlega einnig metnaður fagfólks sem lifir og hrærist í áhættusömu umhverfi bráðasjúkrahúss.

Í nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 er heilbrigðisstofnunum gert skylt að skrá „atvik“ í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki. Markmiðið með skráningunni er að læra af atvikum og leita leiða til úrbóta, en ekki að finna blóraböggla. Frá og með árinu 2009 mun Landlæknisebættið kalla eftir skilgreindum upplýsingum um atvikaskráningu.

### Þróun atvikaskráningar á LSH

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að auka skráningu á atvikum á spítalanum með það að leiðarljósi að unnið sé úr þeim og gerðar umbætur á starfseminni. Rafrænt atvikaskráningarkerfi var innleitt á LSH árið 2004. Frá þeim tíma hefur atvikaskráning eflst jafnt og þétt.

- Sjö af ellefu sviðum LSH hafa skilgreint tiltekin lágmarksviðmið fyrir atvikaskráningu. Sú vinna hefur eflst skráningu atvika og gert hana markvissari.
- Mörg svið og deildir nýta mælingar úr atvikaskráningarkerfinu sem árangursmælingar í skorkortum sínum, sem er afar jákvætt.
- Verklagsreglur varðandi skráningu og úrvinnslu atvika er að finna á heimasíðu deildar gæðamála og innri endurskoðunar (GIE). Þar kemur meðal annars fram að það er á ábyrgð deildarstjóra og yfirlækna að vinna úr og ljúka úrvinnslu atvika á fullnægjandi hátt.
- Frá og með janúar 2008 hafa stjórnendur fengið send yfirlit yfir skráð atvik. Þau gefa skýrari mynd af atvikaskráningu en áður var, en margt bendir til að vanskráning sé enn til staðar á einhverjum starfseiningum.

### Erlendar rannsóknir á atvikaskráningu


Þegar erlendar heimildir um atvikaskráningu eru skoðaðar kemur í ljós að aðrar vestrænar heilbrigðisstofnanir glíma við sambærilegan vanda og Landspítali.

- Atvik eru vanskráð.
- Starfsfólk hefur val um hvort það skráir eða ekki.
- Starfsfólki er ekki alltaf ljóst hvað á að skrá.
- Skráðar upplýsingar eru notaðar á rangan hátt.
- Treyst er á að starfsfólk vilji skrá atvik sem það verður fyrir/veldur.
- Vilji til að skrá er breytilegur á milli faghópa og einstaklinga. Skráningin gefur því ekki heildarmynd atvika og ekki er víst að hún endurspegli raunverulegar þarfir stofnunarinnar fyrir umbætur
- Skráningarþreyta meðal starfsfólks, einkum vegna skorts á endurgjöf.
- Heilbrigðisstofnanir læra ekki af atvikunum og standa sig illa í að ljúka atvikaskráningarferlinu.

### Tölulegar upplýsingar á LSH

Skráðum atvikum frá janúar til júní fjölgaði um 48 milli ára 2007 og 2008. Aukningin er mest á skráðum atvikum tengdum lyfjameðferð og atvikum tengdum umhverfi/adstæðum (mynd 1). Vegna meintrar vanskráningar er enn sem komið er ekki hægt að sjá hvort atvikum fjölga eða fækka í raun.

Mynd 1. Fjöldi og tegund skráðra atvika tímabilið janúar - júní 2007 og 2008





Klínískum deildum sem skrá atvik hefur fjölgað lítið á árinu 2008. Í júní höfðu 52% klínískra deilda skráð misalvarleg atvik (tafla 1). Fátítt er að atvik sé skráð á dag- og göngudeildum spítalans og samræmist það erlendum rannsóknum sem benda til þess að þar komi fremur sjaldan upp atvik.

**Tafla 1 Fjöldi og hlutfall klínískra deilda sem skráðu atvik janúar-júní 2008**

	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún
Fjöldi deilda sem skráðu atvik	48	54	45	50	49	58
Hlutfall deilda sem skráðu atvik	43%	49%	41%	45%	44%	52%

Dæmi er um að alvarleg atvik hafi ekki verið skráð í atvikaskráningarkerfi LSH jafnvel þó þau hafi síðar leitt til kæru til Landlæknisembættisins. Þetta er miður og bendir til vanskráningar á deildum.

### Úrbætur

Við úrvinnslu atvika flokka stjórnendur þau eftir alvarleika. Þessi flokkun er ætluð til forgangsroðunar. Í flokki 1 eru atvik sem eiga sér augljósa skýringu og hægt er að afgreiða að öllu leyti innan sviðs/deildar. Í flokki 2 eru atvik sem hafa eða hefðu getað haft verulegar afleiðingar fyrir sjúkling og áhrif á gang meðferðar eða tafið útskrift. Í flokki 3 eru atvik sem valda sjúklingi varanlegu tjóni eða hafa í för með sér óafturkræfar afleiðingar fyrir hann. Áhersla er lögð á að vinna úr atvikum í alvarleikaflokk 2 og 3. Atvik í þessum tveimur flokkum voru einungis 0,3 til 0,4 % af heildarfjölda skráðra atvika fyrstu sex mánuði árána 2007 og 2008, en fer þó fjölgandi. (tafla 2).

**Tafla 2 Fjöldi atvika í alvarleikaflokk 2 og 3 tímabilið janúar -júní**

	2007	2008
Atvik í alvarleikaflokki 2	21	36
Sem hlutfall af heildarfjölda skráðra atvika	3%	4%
Atvik í alvarleikaflokki 3	2	3
Sem hlutfall af heildarfjölda skráðra atvika	0,3%	0,4%

Þegar atvik hefur verið flokkað eftir alvarleika og úrvinnsla/umbætur/aðgerðir hafa verið ákveðnar telst afgreiðslu þess lokið. Hlutfall „lokaðra atvika“ á árinu 2008 er lægra en á árinu 2007 og er sú þróun óhagstæð og athugunarverð (tafla 3).

**Tafla 3 Fjöldi atvika sem lokið var á fyrstu sex mánuðum 2007 og 2008**

	2007	2008
Heildarfjöldi skráðra atvika	755	803
Heildarfjöldi „lokaðra atvika“	613	504
„Lokuð atvik“ sem hlutfall af skráðum atvikum	81%	63%

### Dæmi um vel heppnaðar úrbætur

Á svæfinga-, gjörgæslu og skurðstofusviði hefur verið sett af stað verkefni sem miðar að því að draga úr atvikum tengdum lyfjameðferð. Í upphafi þess verkefnis voru skráð atvik flokkuð og sett upp í orsakarit. Gert var klínískt áhættumat á skráðum atvikum og umbótaverkefnum forgangsraðað út frá því. Eitt af þessum umbótaverkefnum er innleiðing á sérstökum litamerktum sprautum ætluðum til lyfjagjafa í maga um slöngu. Það er þekktur áhættuþáttur bæði hérlendis og erlendis að við slíka lyfjagjöf geti orðið mistök þannig að lyf ætlað til inntöku er ranglega gefið í æð. Fjögur slík atvik hafa verið skráð í atvikaskráningargrunn Landspítala frá 2004. Með þessum nýju sprautum er hvorki hægt að gefa vökva eða lyf í slöngur sem liggja í æð.

### Að læra af öðrum

Full ástæða er fyrir LSH að nýta sér reynslu þeirra heilbrigðiskerfa sem lengra eru komin í þróun atvikaskráningar og úrvinnslu eins og t.d. Svía, Breta og Ástralá. Í Svíþjóð hefur m.a. verið greint frá atviki þar sem sjúkraskrá sjúklings með sama fæðingardag var ruglað við innslátt í rafræna sjúkraskrá. Það hafði þær afleiðingar að annar sjúklinginn lést. Atvik sem þetta minnir okkur á hve mikilvægt er að læra af reynslu annarra.

Vigdís Hallgrímsdóttir,  
verkefnastjóri á deild gæðamála og innri endurskoðunar

## Göngudeildarkomur

(Gögn úr Legu / Sögu)

	Fjöldi koma <sup>1)</sup>		Breyting milli ára	Komur innlagðra sjúklinga 2008	Alls 2008
	2008	2007			
Göngudeild Barnaspítala	7.062	5.935	19,0%	497	7.559
<b>Barnasvið samtals</b>	<b>7.062</b>	<b>5.935</b>	<b>19,0%</b>	<b>497</b>	<b>7.559</b>
Móttaka kvenna <sup>2)</sup> , þar af:	4.412	4.101	7,6%	595	5.007
innskriftir fyrir aðgerðir	430	474	-9,3%	10	440
Fósturgreiningardeild	5.197	4.903	6,0%	136	5.333
Mæðravern	2.456	2.178	12,8%	97	2.553
Brjóstgajafaráðgjöf	485	351	38,2%	153	638
Önnur göngudeildarþjónusta kvennasviðs <sup>3)</sup>	853	885	-3,6%	210	1.063
<b>Kvennasvið samtals</b>	<b>13.403</b>	<b>12.418</b>	<b>7,9%</b>	<b>1.201</b>	<b>14.604</b>
Göngudeild Hringbraut	10.768	10.378	3,8%	-	10.768
Göngudeild Kleppi	5.620	5.843	-3,8%	-	5.620
Fíkni- og fjölkvilladeild	4.085	3.761	8,6%	-	4.085
Göngudeild Hvítabandi	1.301	1.620	-19,7%	41	1.342
Göngudeild átröskunar (31-C)	902	765	17,9%	-	902
Barna- og unglingageðdeild	3.752	3.897	-3,7%	267	4.019
<b>Geðsvið samtals</b>	<b>26.428</b>	<b>26.264</b>	<b>0,6%</b>	<b>308</b>	<b>26.736</b>
Almenn göngud.lyflækninga (10-E, G-3, E-3) <sup>4)</sup>	1.291	2.566	-	25	1.316
Hjartasjúkdómar, alls <sup>4)</sup> , þar af:	<b>8.405</b>	<b>6.877</b>	-	<b>6.151</b>	<b>14.556</b>
<i>hjartalækningar</i>	1.283	416	-	73	1.356
<i>hjartabilun</i>	115	186	-	2	117
<i>kransæðasjúkdómar</i>	202	126	-	-	202
<i>hjartarannsóknarstofa</i>	6.673	6.129	8,9%	6.149	12.822
<i>innskriftarmiðstöð (10E)</i>	132	20	-	430	562
Gigtarsjúkdómar A-3	2.545	1.269	-	45	2.590
Ófnæmissjúkdómar A-3	2.072	2.076	-0,2%	254	2.326
Lungnasjúkdómar A-3	1.903	1.968	-3,3%	167	2.070
Svefnrannsóknir A-3	2.390	2.167	10,3%	-	2.390
Annað göngudeild A-3	770	730	5,5%	42	812
Innkirtlasjúkdómar, alls, þar af:	<b>3.976</b>	<b>3.793</b>	<b>4,8%</b>	<b>61</b>	<b>4.037</b>
<i>sykursýki</i>	2.629	2.354	11,7%	55	2.684
<i>aðrir innkirtlasjd.</i>	345	375	-8,0%	6	351
<i>beinþéttimælingar</i>	1.002	1.064	-5,8%	52	1.054
Meltingarsjúkdómar (10E) <sup>4)</sup>	141	36	-	4	145
Nýrnasjúkdómar	775	552	40,4%	6	781
Smitsjúkdómar	733	717	2,2%	9	742
Taugasjúkdómar	1.773	1.689	5,0%	282	2.055
Húðsjúkdómar	10.134	10.166	-0,3%	587	10.721
Kynsjúkdómar	4.396	4.247	3,5%	-	4.396
<b>Lyflækningasvið I samtals</b>	<b>41.304</b>	<b>38.853</b>	<b>6,3%</b>	<b>8.188</b>	<b>49.492</b>

<sup>1)</sup> Eingöngu komur sjúklinga sem ekki eru innlagðir á LSH.<sup>2)</sup> Þar með taldir bráðakomur á kvensjúkdómadeild utan dagvinnutíma, þegar móttaka kvenna er lokað.<sup>3)</sup> Fæðingardeild, Hreiðrið og sængurkvennadeild<sup>4)</sup> Komur vegna hjarta- og meltingarsjúkdóma áður taldir með almennri göngudeild lyflækninga, en eru nú birtar sér.<sup>5)</sup> Tölur um fjölda koma ekki aðgengilegar.<sup>6)</sup> Aukning á fjölda koma milli ára skýrist að hluta til af bættari komuskráningu.<sup>7)</sup> Komur voru vantaldar árið 2007 og fyrr, leiðrétt hér fyrir því. Með nýju upplýsingakerfi fást upplýsingar um heildarfjölda þeirra sem koma í blóðtökur, áður voru eingöngu skráðar komur þeirra sem greiddu fyrir blóðtökuna.

	Fjöldi koma <sup>1)</sup>		Breyting milli ára	Komur innlagðra sjúklinga 2008	Alls 2008
	2008	2007			
Blóð- og krabbameinslækningar	4.662	4.262	9,4%	98	4.760
Geislæðisfræði, undirbúningur <sup>5)</sup>	-	-	-	-	-
Geislameðferð	5.911	5.557	6,4%	-	5.911
<b>Lyflækningasvið II samtals</b>	<b>10.573</b>	<b>9.819</b>	<b>7,7%</b>	<b>98</b>	<b>10.671</b>
Almenn göngudeild (G-3 og 10E)	2.024	2.004	1,0%	41	2.065
Innskriftarmiðstöðvar aðgerða alls, þar af:	<b>1.874</b>	<b>1.449</b>	<b>29,3%</b>	<b>641</b>	<b>2.515</b>
<i>Háls-, nef og eyrnalækningar</i>	251	-	-	5	256
<i>Lýtalækningar</i>	111	88	26,1%	10	121
<i>Æðaskurðlækningar</i>	110	118	31,0%	44	154
<i>Bæklunarlækningar</i>	368	285	1,0%	156	524
<i>Heila- og taugaskurðlækningar</i>	216	250	2,0%	25	241
<i>Innskriftir skurðl. 10-E, annað</i>	818	708	15,5%	401	1.219
Bæklunarskurðlækningar (G-3)	5.277	5.224	1,0%	94	5.371
Heila- og taugaskurðlækningar (G-3)	986	774	27,4%	8	994
Háls-, nef- og eyrnalækningar (B-3)	5.045	5.084	-0,8%	521	5.566
Hjarta- og lungnaskurðlækningar (12E)	7	73	-	-	7
Augnlækningar	4.497	3.439	30,8%	288	4.785
Þvagfæraskurðlækningar	2.484	2.163	14,8%	192	2.676
Æðaskurðlækningar	129	63	-	11	140
<b>Skurðlækningasvið samtals</b>	<b>22.323</b>	<b>20.273</b>	<b>10,1%</b>	<b>1.785</b>	<b>24.108</b>
Endurkomur, bráðalækningar (G-3)	2.866	2.583	11,0%	148	3.014
<b>Slysa- og bráðasvið samtals</b>	<b>2.866</b>	<b>2.583</b>	<b>11,0%</b>	<b>148</b>	<b>3.014</b>
Verkjamiðstöð	18	30	-	-	18
<b>Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðst.svið samtals</b>	<b>18</b>	<b>30</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>18</b>
Göngudeildarmeðferðir sjúkra- og iðjuþjálfunar	10.356	10.295	0,6%	-	10.356
Læknar, sálfræðingar og talmeinafræðingar <sup>6)</sup>	572	260	-	-	572
<b>Endurhæfingarsvið samtals</b>	<b>10.928</b>	<b>10.555</b>	<b>3,5%</b>	<b>-</b>	<b>10.928</b>
Almenn móttaka	403	477	-15,5%	3	406
Minnismóttaka	769	721	6,7%	2	771
Brota- og beinverndarmóttaka	56	43	30,2%	4	60
Endurkomu og móttökudeild	296	211	40,3%	16	312
<b>Öldrunarsvið samtals</b>	<b>1.524</b>	<b>1.452</b>	<b>5,0%</b>	<b>25</b>	<b>1.549</b>
<b>Heilsuvernd starfsmanna samtals</b>	<b>885</b>	<b>673</b>	<b>31,5%</b>	<b>0</b>	<b>885</b>
<b>Blóðtökur á rannsóknasviði samtals<sup>7)</sup></b>	<b>33.362</b>	<b>30.229</b>	<b>10,4%</b>	<b>-</b>	<b>33.362</b>
<b>Göngudeildir alls</b>	<b>170.676</b>	<b>159.084</b>	<b>7,3%</b>	<b>12.250</b>	<b>182.926</b>

## Dagdeildarkomur

(Gögn úr Legu / Sögu)

	Fjöldi koma		2008-2007	Breyting milli ára
	2008	2007		
Barnalækningar				
Hringbraut	842	973	-131	-13,5%
Fossvogi	599	255	344	134,9%
Nýburalækningar	265	407	-142	-34,9%
<b>Barnasvið samtals</b>	<b>1.706</b>	<b>1.635</b>	<b>71</b>	<b>4,3%</b>
Kvenlækningar	930	963	-33	-3,4%
Meðganga	1.892	1.755	137	7,8%
<b>Kvennasvið samtals</b>	<b>2.822</b>	<b>2.718</b>	<b>104</b>	<b>3,8%</b>
Almennar geðlækningar <sup>1)</sup>	7.434	9.810	-2.376	-24,2%
Geðlækningar, endurhæfing	12.562	15.251	-2.689	-17,6%
Fíknimeðferð (meðferð vímuefnasjúkl.)	3.727	2.979	748	25,1%
<b>Geðsvið samtals</b>	<b>23.723</b>	<b>28.040</b>	<b>-4.317</b>	<b>-15,4%</b>
Gigtlækningar	1.042	1.155	-113	-9,8%
Nýrnalækningar (sjá nánar Skilun á bls.20)	3.768	3.382	386	11,4%
Taugalækningar	778	681	97	14,2%
Hjartalækningar <sup>2)</sup>	450	338	112	33,1%
Meltingarlækningar (p.m.t. 13-E) <sup>3)</sup>	51	34	17	50,0%
Lungnalækningar <sup>3)</sup>	36	2	34	-
Speglanir, meltingarfærarannsóknir <sup>4)</sup>	1.536	1.603	-67	-4,2%
<b>Lyflækningasvið I samtals<sup>3)</sup></b>	<b>7.661</b>	<b>7.195</b>	<b>466</b>	<b>6,5%</b>
Blóð- og krabbameinslækningar	4.953	4.526	427	9,4%
Líknardeild, dagdeild <sup>5)</sup>	162	0	162	-
<b>Lyflækningasvið II samtals</b>	<b>4.953</b>	<b>4.526</b>	<b>427</b>	<b>9,4%</b>
Almennar skurðlækningar	361	417	-56	-13,4%
Bæklunarskurðlækningar <sup>3)</sup>	45	29	16	55,2%
Háls-, nef- og eyrnalækningar	54	188	-134	-71,3%
Þvagfæraskurðlækningar	190	110	80	72,7%
<b>Skurðlækningasvið samtals</b>	<b>650</b>	<b>744</b>	<b>-94</b>	<b>-12,6%</b>
Endurhæfingarlækningar	1.402	1.475	-73	-4,9%
<b>Endurhæfingarsvið samtals</b>	<b>1.402</b>	<b>1.475</b>	<b>-73</b>	<b>-4,9%</b>
Öldrunarlækningar	2.400	2.633	-233	-8,8%
<b>Öldrunarsvið samtals</b>	<b>2.400</b>	<b>2.633</b>	<b>-233</b>	<b>-8,8%</b>
<b>Dagdeildir alls</b>	<b>45.317</b>	<b>48.966</b>	<b>-3.649</b>	<b>-7,5%</b>

<sup>1)</sup> Þar með taldir komur á dagdeild iðjupjálfunar Hringbraut, alls 1.161 koma á tímabilinu jan-júní 2008.

<sup>2)</sup> Leiðréttar tölur fyrir 2007, legur undir 24.klst. vegna hjartarannsóknna árið 2007 nú taldir sem dagdeildarkomur.

<sup>3)</sup> Leiðréttar tölur fyrir 2007, allir legudagar og fjöldi lega án innlagnar á deild á gæsludeild færðar í legutöflu.

<sup>4)</sup> Speglanir eru nú taldir sem dagdeildarkomur, en voru áður taldir með göngudeildarkomum. Eingöngu komur sjúklinga sem ekki eru innlagðir á LSH.


<sup>5)</sup> Þetta er tiltölulega ný þjónusta á LSH og því ekki til tölur fyrir allt árið 2007.

# Starfsemistölur – Slysa- og bráðadeildir

## Slysa- og bráðabjónusta

(Gögn úr Sögu)



	Fjöldi koma		Breyting milli ára		Meðalfjöldi koma/dag		Fjöldi innlagna		Breyting milli ára	Hlutfall innlagna		Breyting milli ára
	2008	2007	Fjöldi	Hlutfall	2008	2007	2008	2007		2008	2007	
Bráðamóttaka Barnspítala Hringins	6.263	6.250	13	0,2%	34,8	34,7	511	583	-72	8,2%	9,3%	-12,5%
Bráðabjónusta geðdeilda	3.923	4.722	-799	-16,9%	21,8	26,2	310	414	-104	7,9%	8,8%	-9,9%
Bráðamóttaka Hringbraut, þar af:	6.337	5.997	340	5,7%	35,2	33,3	2.208	2.065	143	34,8%	34,4%	1,2%
nýkomur	6.201	5.902	299	5,1%	34,5	32,8	-	-	-	-	-	-
endurkomur	136	95	41	43,2%	0,8	0,5	-	-	-	-	-	-
Slysa- og bráðadeild í Fossvogi (G-2), þar af:	30.831	29.914	917	3,1%	171,3	166,2	2.637	2.901	-264	8,6%	9,7%	-11,8%
nýkomur (G-2)	28.370	26.926	1.444	5,4%	157,6	149,6	-	-	-	-	-	-
endurkomur (G-2)	2.461	2.988	-527	-17,6%	13,7	16,6	-	-	-	-	-	-
komur á bráðavakt	7.362	7.216	146	2,0%	40,9	40,1	2.043	2.306	-263	27,8%	32,0%	-13,2%
komur á slysavakt (gönguvakt)	23.447	22.536	911	4,0%	130,3	125,2	593	595	-2	2,5%	2,6%	-4,2%
<b>Alls</b>	<b>47.354</b>	<b>46.883</b>	<b>471</b>	<b>1,0%</b>	<b>263,1</b>	<b>260,5</b>	<b>5.666</b>	<b>5.963</b>	<b>-297</b>	<b>12,0%</b>	<b>12,7%</b>	<b>-5,9%</b>



## Meðaldvalartími á slysa- og bráðamóttökum, jan-júní<sup>1)</sup>

	Sjúklingar sem fara heim (klst)		Breyting milli ára	Sjúklingar sem leggjast inn (klst)		Breyting milli ára
	2008	2007		2008	2007	
Bráðamóttaka Hringbraut	10,0	9,2	8,7%	10,2	9,4	8,5%
Slysa- og bráðadeild í Fossv., bráðavakt	8,2	7,6	7,9%	10,9	11,3	-3,5%
Slysa- og bráðadeild í Fossv., slysavakt (gönguvakt)	2,8	3,1	-9,7%	7,4	7,3	1,4%
<b>Meðaltal</b>	<b>7,0</b>	<b>6,6</b>	<b>5,5%</b>	<b>9,5</b>	<b>9,3</b>	<b>1,8%</b>

<sup>1)</sup> Birt til reynslu, en biðtími er ofmetinn í einhverjum tilfellum vegna skráningar.



## Starfsemistölur – Legur eftir sérgreinum

### Barnasvið

(Gögn úr Legu)

	Legur		Breyting milli ára	Fjöldi legudaga			Breyting milli ára	Meðallegutími		Breyting milli ára
	2008	2007		2008	2007	2008-2007		2008	2007	
Almennar barnalækningar	524	497	5,4%	2.606	2.597	9	0,3%	5,0	5,2	-4,8%
Barnaskurðlækningar	269	303	-11,2%	805	979	-174	-17,8%	3,0	3,2	-7,4%
Almennar skurðlækningar - börn	4	5	-	4	18	-14	-	-	-	-
Nýburalækningar	240	229	4,8%	2.272	2.918	-646	-22,1%	9,5	12,7	-25,7%
Aðrir þjónustuflokkar fyrir börn:										
Augnlækningar - börn	14	7	-	20	14	6	-	1,4	2,0	-
Brjóstholsskurðlækningar - börn	3	1	-	26	11	15	-	8,7	11,0	-
Bæklunarskurðlækningar - börn	89	105	-	127	127	0	-	1,4	1,2	-
Háls-, nef- og eyrnalækningar - börn	76	41	-	92	56	36	-	1,2	1,4	-
Heila- og taugaskurðlækningar - börn	11	23	-	29	122	-93	-	2,6	5,3	-
Lýtalækningar - börn	40	28	-	272	109	163	-	6,8	3,9	-
<b>Samtals</b>	<b>1.270</b>	<b>1.239</b>	<b>2,5%</b>	<b>6.253</b>	<b>6.951</b>	<b>-698</b>	<b>-10,0%</b>	<b>4,9</b>	<b>5,6</b>	<b>-12,2%</b>

### Kvennasvið

Kvenlækningar	408	397	2,8%	1.058	1.228	-170	-13,8%	2,6	3,1	-16,2%
Meðganga og sængurlega	2.091	1.944	7,6%	4.725	5.004	-279	-5,6%	2,3	2,6	-12,2%
Almennar skurðlækningar kvenna	155	117	32,5%	315	192	123	64,1%	2,0	1,6	23,8%
<b>Samtals</b>	<b>2.654</b>	<b>2.458</b>	<b>8,0%</b>	<b>6.098</b>	<b>6.424</b>	<b>-326</b>	<b>-5,1%</b>	<b>2,3</b>	<b>2,6</b>	<b>-12,1%</b>

### Geðsvið

Almennar geðlækningar	643	687	-6,4%	8.606	8.977	-371	-4,1%	13,4	13,1	2,4%
Barna- og unglíngageðlækningar	92	91	1,1%	2.249	2.658	-409	-15,4%	24,4	29,2	-16,3%
Fíknimeðferð (meðferð vímuefnasjúklinga)	239	233	2,6%	2.518	2.539	-21	-0,8%	10,5	10,9	-3,3%
Geðlækningar, endurhæfing	195	207	-5,8%	13.779	14.326	-547	-3,8%	70,7	69,2	2,1%
<b>Samtals</b>	<b>1.169</b>	<b>1.218</b>	<b>-4,0%</b>	<b>27.152</b>	<b>28.500</b>	<b>-1.348</b>	<b>-4,7%</b>	<b>23,2</b>	<b>23,4</b>	<b>-0,7%</b>

### Lyflækningasvið I

Almennar lyflækningar	131	62	111,3%	1.095	514	479	113,0%	8,4	8,3	0,8%
Efnaskipta- og innkirtlalækningar <sup>1)</sup>	194	221	-12,2%	1.840	1.776	64	3,6%	9,5	8,0	18,0%
Gigtlækningar <sup>1)</sup>	200	270	-25,9%	2.064	2.033	31	1,5%	10,3	7,5	37,1%
Hjartalækningar <sup>2)</sup>	1.357	1.219	11,3%	6.719	6.606	113	1,7%	5,0	5,4	-8,6%
Húð- og kynsjúkdómalækningar	99	129	-23,3%	589	1.215	-626	-51,5%	5,9	9,4	-36,8%
Lungnalækningar <sup>1) 3)</sup>	963	989	-2,6%	4.310	5.052	-742	-14,7%	4,5	5,1	-12,4%
Meltingarlækningar	343	452	-24,1%	2.409	2.558	-149	-5,8%	7,0	5,7	24,1%
Nýrnalækningar <sup>1)</sup>	157	185	-15,1%	1.438	1.728	-290	-16,8%	9,2	9,3	-1,9%
Smitsjúkdómar <sup>1)</sup>	175	252	-30,6%	2.253	2.730	-477	-17,5%	12,9	10,8	18,8%
Taugalækningar <sup>1)</sup>	404	411	-1,7%	3.877	3.962	-85	-2,1%	9,6	9,6	-0,4%
<b>Samtals</b>	<b>4.023</b>	<b>4.190</b>	<b>-4,0%</b>	<b>26.594</b>	<b>28.174</b>	<b>-1.580</b>	<b>-5,6%</b>	<b>6,6</b>	<b>6,7</b>	<b>-1,7%</b>

<sup>1)</sup> Leiðréttað tölur fyrir 2007 vegna gæsludeildar. Legur þeirra sem tilheyruð sviðinu og útskrifuðust heim (n=495) og allir legudagar (n=2091) færðar í legutöflu eftir sérgreinum. Þær voru taldaðar sem dagdeildarkomur árið 2007.

<sup>2)</sup> Leiðréttað tölur árið 2007 vegna hjartarannsóknna á hjartadeild. Legur undir 24 klst. nú taldaðar sem dagdeildarkomur (n=258). Voru áður taldaðar sem legur vegna innskráningarmáta.

<sup>3)</sup> Leiðréttað tölur vegna svefnrannsóknna á A-6 (næturmeðlingar). Frá og með júní hefti Starfsemisupplýsinga er fjöldi næturmeðlinga bætt við legur og legudaga bæði árin, sem styttr reiknaðan meðallegutíma umtalsvert miðað við fyrri birtar tölur.

## Lyflækningasvið II

	Legur		Breyting milli ára	Fjöldi legudaga			Breyting milli ára	Meðallegutími		Breyting milli ára
	2008	2007		2008	2007	2008-2007		2008	2007	
	Blóðlækningar	289	278	4,0%	2.298	2.509	-211	-8,4%	8,0	9,0
Krabbameinslækningar	345	365	-5,5%	2.321	2.968	-647	-21,8%	6,7	8,1	-17,3%
Líknandi meðferð	80	63	27,0%	1.561	1.397	164	11,7%	19,5	22,2	-12,0%
<b>Samtals</b>	<b>714</b>	<b>706</b>	<b>1,1%</b>	<b>6.180</b>	<b>6.874</b>	<b>-694</b>	<b>-10,1%</b>	<b>8,7</b>	<b>9,7</b>	<b>-11,1%</b>

(Gögn úr Legu)

## Skurðlækningasvið

Almennar skurðlækningar	1.131	1.204	-6,1%	5.626	5.897	-271	-4,6%	5,0	4,9	1,6%
Augnlækningar	192	150	28,0%	449	538	-89	-16,5%	2,3	3,6	-34,8%
Brjóstholsskurðlækningar	290	255	13,7%	2.743	2.644	99	3,7%	9,5	10,4	-8,8%
Bæklunarskurðlækningar <sup>1)</sup>	992	948	4,6%	5.212	5.717	-505	-8,8%	5,3	6,0	-12,9%
Háls-, nef- og eyrnalækningar	384	392	-2,0%	745	944	-199	-21,1%	1,9	2,4	-19,4%
Heila- og taugaskurðlækningar	372	426	-12,7%	1.373	1.680	-307	-18,3%	3,7	3,9	-6,4%
Lýtalækningar	157	136	15,4%	1.010	1.291	-281	-21,8%	6,4	9,5	-32,2%
Tannlækningar	46	41	12,2%	179	64	115	-	3,9	1,6	-
Þvagfæraskurðlækningar	507	599	-15,4%	2.525	2.542	-17	-0,7%	5,0	4,2	17,4%
Æðaskurðlækningar	302	280	7,9%	1.440	1.428	12	0,8%	4,8	5,1	-6,5%
<b>Samtals</b>	<b>4.373</b>	<b>4.431</b>	<b>-1,3%</b>	<b>21.302</b>	<b>22.745</b>	<b>-1.443</b>	<b>-6,3%</b>	<b>4,9</b>	<b>5,1</b>	<b>-5,1%</b>

## Endurhæfingarsvið

Endurhæfingarlækningar	251	180	39,4%	5.506	5.362	144	2,7%	21,9	29,8	-26,4%
Hæfingarlækningar	17	23	-26,1%	2.583	3.057	-474	-15,5%	151,9	132,9	14,3%
<b>Samtals</b>	<b>268</b>	<b>203</b>	<b>32,0%</b>	<b>8.089</b>	<b>8.419</b>	<b>-330</b>	<b>-3,9%</b>	<b>30,2</b>	<b>41,5</b>	<b>-27,2%</b>

## Öldrunarsvið

Öldrunarlækningar	557	490	13,7%	18.391	18.535	-144	-0,8%	33,0	37,8	-12,7%
<b>Samtals</b>	<b>557</b>	<b>490</b>	<b>13,7%</b>	<b>18.391</b>	<b>18.535</b>	<b>-144</b>	<b>-0,8%</b>	<b>33,0</b>	<b>37,8</b>	<b>-12,7%</b>

<b>Legur á kvenna-, barna-, skurð- og lyflækningasviðum samtals</b>	<b>13.034</b>	<b>13.024</b>	<b>0,1%</b>	<b>66.427</b>	<b>71.168</b>	<b>-4.741</b>	<b>-6,7%</b>	<b>5,1</b>	<b>5,5</b>	<b>-6,7%</b>
---	---------------	---------------	-------------	---------------	---------------	---------------	--------------	------------	------------	--------------

<b>Legur á öllum sviðum samtals</b>	<b>15.028</b>	<b>14.935</b>	<b>0,6%</b>	<b>120.059</b>	<b>126.622</b>	<b>-6.563</b>	<b>-5,2%</b>	<b>8,0</b>	<b>8,5</b>	<b>-5,8%</b>
-------------------------------------	---------------	---------------	-------------	----------------	----------------	---------------	--------------	------------	------------	--------------

<sup>1)</sup> Leiðréttar tölur fyrir 2007 vegna gæsludeildar, þeim legum og legudögum sem tilheyrdi bæklunarskurðlækningum bætt við (74 legur og 97 legud.). Þær voru taldir sem dagdeildarkomur árið 2007.

# Starfsemistölur – Legur eftir deildum

(Gögn úr Legu)

	Legur á deild <sup>1)</sup>		Breyting milli ára	Fjöldi legudaga á deild			Breyting milli ára	Meðallegutími á deild		Breyting milli ára
	2008	2007		2008	2007	2007-2006		2008	2007	
Barnadeild Fv	167	145	15,2%	167	145	22	15,2%	1,0	1,0	0,0%
Barnaskurðeild	432	422	2,4%	1.484	1.332	152	11,4%	3,4	3,2	8,8%
Barnadeild BH	447	463	-3,5%	1.637	1.950	-313	-16,1%	3,7	4,2	-13,0%
Vökudeild <sup>2)</sup>	170	186	-8,6%	2.191	2.829	-638	-22,6%	12,9	15,2	-15,3%
<b>Barnasvið samtals</b>	<b>1.216</b>	<b>1.216</b>	<b>0,0%</b>	<b>5.479</b>	<b>6.256</b>	<b>-777</b>	<b>-12,4%</b>	<b>4,5</b>	<b>5,1</b>	<b>-12,4%</b>
Fæðingargangur <sup>2)</sup>	1.292	1.141	13,2%	618	578	40	6,9%	0,5	0,5	-5,6%
Meðgöngudeild	505	461	9,5%	1.102	1.394	-292	-20,9%	2,2	3,0	-27,8%
Sængurkvennadeild <sup>2)</sup>	826	747	10,6%	2.016	2.122	-106	-5,0%	2,4	2,8	-14,1%
Kvenlækningadeild	582	552	5,4%	1.477	1.682	-205	-12,2%	2,5	3,0	-16,7%
<b>Kvennasvið samtals</b>	<b>3.205</b>	<b>2.901</b>	<b>10,5%</b>	<b>5.213</b>	<b>5.776</b>	<b>-563</b>	<b>-9,7%</b>	<b>1,6</b>	<b>2,0</b>	<b>-18,3%</b>
Barnageðdeild BUGL	29	33	-12,1%	717	869	-152	-17,5%	24,7	26,3	-6,1%
Unglingageðdeild BUGL	62	64	-3,1%	1.528	1.787	-259	-14,5%	24,6	27,9	-11,7%
Móttöku- og meðferðardeild D (32A)	242	247	-2,0%	2.919	2.994	-75	-2,5%	12,1	12,1	-0,5%
Móttöku- og meðferðardeild B (32C)	275	245	12,2%	2.736	2.813	-77	-2,7%	9,9	11,5	-13,3%
Móttöku- og meðferðardeild A (33A-fjólkvilla)	232	230	0,9%	2.508	2.533	-25	-1,0%	10,8	11,0	-1,8%
Móttöku- og meðferðardeild C (33C)	174	195	-10,8%	2.825	3.026	-201	-6,6%	16,2	15,5	4,6%
Geðdeild 12, bráðameðferð	52	61	-14,8%	2.055	2.194	-139	-6,3%	39,5	36,0	9,9%
Geðdeild 13A, endurhæfing	49	42	16,7%	1.966	1.846	120	6,5%	40,1	44,0	-8,7%
Geðdeild 13 A 5d., endurhæfing	27	29	-6,9%	1.010	862	148	17,2%	37,4	29,7	25,8%
Geðdeild 14, endurhæfing	19	23	-17,4%	2.042	1.976	66	3,3%	107,5	85,9	25,1%
Geðdeild 15, endurhæfing	12	17	-29,4%	1.588	1.563	25	1,6%	132,3	91,9	43,9%
Geðdeild 36 (læknisbústaður)	18	13	38,5%	1.874	2.133	-259	-12,1%	104,1	164,1	-36,5%
Endurhæfing LR/Laugar.+Reynim.2007	16	19	-15,8%	2.303	2.268	35	1,5%	143,9	119,4	20,6%
Meðferðarheimilið Hátúni	21	22	-4,5%	836	1.425	-589	-41,3%	39,8	64,8	-38,5%
Geðdeild 13A, endurhæfing /7 og 5 d. deild	0	21	-	0	71	-	-	-	3,4	-
<b>Geðsvið samtals</b>	<b>1.228</b>	<b>1.261</b>	<b>-2,6%</b>	<b>26.907</b>	<b>28.360</b>	<b>-1.453</b>	<b>-5,1%</b>	<b>21,9</b>	<b>22,5</b>	<b>-2,6%</b>
Lyf- og húðlækningadeild (A-2)/Gæslud. 2007 <sup>3)</sup>	546	585	-6,7%	1.520	2.430	-910	-37,4%	2,8	4,2	-33,0%
Lungnadeild <sup>4)</sup>	366	379	-3,4%	3.148	3.698	-550	-14,9%	8,6	9,8	-11,8%
Lungnadeild, legur v. svefnrannsókn	417	433	-3,7%	417	433	-16	-3,7%	1,0	1,0	0,0%
Smitsjúkdómadeild	364	430	-15,3%	3.637	4.322	-685	-15,8%	10,0	10,1	-0,6%
Taugalækningadeild	334	329	1,5%	3.412	3.451	-39	-1,1%	10,2	10,5	-2,6%
Gígtar- og alm. lyflæknisdeild	331	362	-8,6%	3.664	3.488	176	5,0%	11,1	9,6	14,9%
Hjartadeild G	528	545	-3,1%	2.998	3.221	-223	-6,9%	5,7	5,9	-3,9%
Hjartadeild E <sup>5)</sup>	799	680	17,5%	3.294	3.071	223	7,3%	4,1	4,5	-8,7%
Meltingar- og nýrnadeild	331	255	29,8%	2.856	1.853	1.003	54,1%	8,6	7,3	18,7%
Húðdeild Kópavogi	0	129	-	0	1.215	-1.215	-	-	9,4	-
<b>Lyflækningasvið I samtals</b>	<b>4.016</b>	<b>4.127</b>	<b>-2,7%</b>	<b>24.946</b>	<b>27.182</b>	<b>-2.236</b>	<b>-8,2%</b>	<b>6,2</b>	<b>6,6</b>	<b>-5,7%</b>

<sup>1)</sup> Fjöldi lega og legudaga eftir legudeildum getur verið nokkuð frábrugðin tölum um legur eftir sérgreinum sviða ma. vegna þess að í einni heildarlegu geta sjúklingar þurft að liggja á fleiri en einni deild og nokkrar deildir eru með innliggjandi sjúklinga frá sérgrein lækninga sem tilheyrr öðru sviði en legudeildin.

<sup>2)</sup> Nýburar á kvennasviði eru ekki meðtaldir í legum og legudögum.

<sup>3)</sup> Tölur um legur frá lyf 1 á gæsludeild 2007 meðtaldar. Legur þeirra sem útskrifuðust heim (n=495) og allir legudagar (n=2091) færðar í legutöflu.

<sup>4)</sup> Leiðréttar tölur árið 2007 vegna svefnrannsóknna á A-6.Legur vegna svefnrannsóknna taldar sér í næstu línu.

<sup>5)</sup> Leiðréttar tölur árið 2007 vegna hjartarannsóknna á hjartadeild. Legur undir 24.klst.nú taldar sem dagdeildarkomur (n=258).Voru áður taldar sem legur vegna innskráningarmáta.



	Legur á deild <sup>1)</sup>		Breyting milli ára	Fjöldi legudaga			Breyting milli ára	Meðallegutími		Breyting milli ára
	2008	2007		2008	2007	2007-2006		2008	2007	
Krabbameinslækningadeild	347	319	8,8%	2.298	2.422	-124	-5,1%	6,6	7,6	-12,8%
Blóðlækningadeild	308	281	9,6%	2.333	2.439	-106	-4,3%	7,6	8,7	-12,7%
